

## Ágrip af sögu Flateyrar

Kauptúnið Flateyri stendur við norðanverðan Önundarfjörð. Þorpið stendur á malareyri. Samkvæmt Landnámu var það Önundur Víkingsson sem nam Eyri við Önundarfjörð árið 925.

Önundarfjörður er umlukin fögrum fjallagarði og þar þar hæst fjall mikið er Þorfinnur heitir og stendur andspænis Flateyri. Fjallið hefur löngum verið eitt helsta kennileiti byggðarinnar við fjörðinn. Byggðin á Flateyri á sér ekki mjög langa sögu. Verslun hefst þar fyrst 1789 og er þá byggt fyrsta íbúðarhúsið, Norska húsið. 1820 er fyrst skráð byggð þar þegar Friðrik Svendsen kaupmaður byggði sér íbúðarhús. Hús þetta komst síðar í eigu Torfa Halldórssonar og var kennt við hann upp frá því og kallað Torfahúsið.

Þrátt fyrir að Flateyri hlyti ekki verslunarréttindi fyrr en 1823, var verslun snar þáttur í sögu Flateyrar strax frá upphafi, meðfram útgerð og fiskverkun.

Um eiginlega þorpsmyndun var ekki að ræða á Flateyri fyrr en á niunda og tíunda áratug nítjándu aldar, vítað er um þrjú íbúðarhús á eyrinni 1883.



Bylting varð í atvinnumálum Flateyringa 1889 þegar norskur hvalveiðimaðurinn Hans Ellefsen kom og byggði mikla hvalveiðistöð á Sólbakka við Flateyri. Uppbygging þorpsins tók kipp því fjöldi aðkomufólks kom til starfa við hvalveiðistöðina og settust margir þeirra að á Flateyri til frambúðar.

Á velmehtarárum Ellefsens var Flateyri önnur stærsta útflutningshöfn landsins og hefur því verið haldið fram að um fjórðungur útflutningstekna þjóðarinnar hafi komið úr Önundarfirði á þeim árum. Það má því gera því

skóna hversu mikið áfall það hefur verið þegar verksmiðjan ónýttist í bruna sumarið 1901.

Um áratug eftir brunann komu þýskir menn og reistu fiskimjölsverksmiðju á grunni Sólbakkaverksmiðjunnar og var hún í stopulur rekstri ýmissa aðila allt fram til ársins 1945 þegar Sildarverk-smiðjur ríkisins aflögðu hana og fluttu tækin úr henni til Siglufjarðar. Einu ummerkin sem sjást á Sólbakka eftir þennan rekstur er lýsistankur sem enn stendur og hefur þjónað sem bátasmiðja og trésmiðaverkstæði og nú síðast sem beitnigaraðstaða fyrir smábátasjó-menn.

Ellefsen byggði sér myndarlegt íbúðarhús á Sólbakka og við burtför sína úr Önundarfirði gaf hann, eða seldi fyrir eina krónu, Hannesi Hafstein ráðherra hús sitt og var það hlutað sundur og flutt til Reykjavíkur og er þar þekkt sem Ráðherra-bústaðurinn við Tjarnargötu.

Áfall brunans varð þó minna en búast hefði mátt við og er það fyrst og fremst að þakka öflugri bátaútgerð sem óx og dafnaði þrátt fyrir ægivald verksmiðjunnar í atvinnulífi þorpsbúa. Um langt skeið hafði Torfi Halldórsson skipstjóri verið í fararbroddi við uppbyggingu útgerðar á staðnum og er hann oftlega nefndur faðir Flateyrar.

Togaraútgerð var stunduð frá Flateyri með hléum mest alla tuttugustu öldina ásamt útgerð stærri og smærri báta. Á 20 öldinni voru gerðir út frá Flateyri togaramir Freyr, Hafsteinn, Þór, Guðmundur Júní, Gyllir (gamli) og skuttogarinn Gyllir. Nú síðustu ár eru eingöngu gerðir út smábátar á staðnum. En góð hafnaraðstaða ásamt nálægð við gjöful fiskimið gerir staðinn kjörinn til bátaútgerðar.



Á öðrum áratug síðustu aldar var reist íshús á staðnum og síðar var hafin frysting með saltþekli eins og algengt var. Seint á fjórða áratugnum er svo hafin vélfrysting á

fiskafurðum og komu á næstu áratugum ýmsir aðilar við sögu í rekstri frystihússins sem orðið er afar fullkomið og tæknivætt.



Það er Fiskvinnslan Kambur ehf. sem hefur rekið frystihúsið nú síðustu ár og er það sem fyrr burðarásinn í atvinnulífi þorpsbúa. Ásamt frysti-húsinu eru reknar harðfiskverkanir á staðnum sem veita nokkra atvinnu. Af öðru sem eru á staðnum má nefna smábátaútgerðir, vinnuvélavertaka, heilsugæslustöð, elliheimili, 1-10 bekk grunnskóla, sparisjóð (pósthús), dagheimili, sundlaug og íþróttahús.

Á fullveldisárinu var stofnað Kaupfélag Önfirðinga og var það um áratugaskeið öflugur þátttakandi í atvinnulífinu á Flateyri og hafði með höndum útgerð og fiskvinnslu auk verslunar.

Allt fram á síðustu ár hefur verið myndarleg verslun á staðnum en með bættum samgöngum, hefur fjarað undan henni og er nú aðeins rekin ein verslun á staðnum í tengslum við bensinsölu Esso. Þar sem boðið er upp á helstu nauðsynjar auk ýmissa skyndibitafélis.



Önundarfjörður var framan af eitt sveitarfélag en árið 1922 var því skipt upp og varð þá til Flateyrarhreppur. Hélt þessi skipan allt til ársins 1996 þegar hið víðfeðma sveitarfélag Ísafjarðarbær varð til með sameiningu sex sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum og er miðstöð stjórnsýslu nú á Ísafirði.

Jarðgöng undir Botns- og Breiðadalshéiðar (vígð 1996) hafa gjörbreytt samgöngum á norðan-verðum Vestfjörðum og er nú aðeins steinsnar að bregða sér frá Flateyri til Ísafjarðar á hvaða árstíma sem er.

Félagslíf á Flateyri hefur frá upphafi byggðar, staðið með miklum blóma og hefur fjöldi félagasamtaka verið stöfandi í þorpinu og auðgað mannlífið að mun. Öll aðstaða til öflugs félagslífs hefur verið góð og batnaði verulega með tilkomu nýrra og glæsilegra íþróttamannvirkja, þar sem er íþróttahús og sundlaug með öllum þeim þægindum sem þekkjast.

Veitingahúsið Vagninn sem um langt skeið hefur verið ein þekktasta krá landsbyggðarinnar hefur verið snar þáttur í að létta Flateyringum og ferðamönnum lund og seðja hungur fólks.

Þann 26. október 1995 gerðust þeir hörmulegu atburðir að mikið snjóflóð reiddi yfir byggðina á Flateyri og eyddi stórum hluta hennar. 20 manns fórust og fjöldi húsa skemmdist og ónýttist. Áhrif þessara hamfara á byggðina voru mikil og fjöldi fólks flutti á brott og hafa Flateyringar ekki verið færri frá því á nítjándu öld. Félagssleg áhrif þessara hörmunga verða seint metin en víst er að þau eru veruleg og setja mark stítt á fólk.



Á allra síðustu árum hefur á ný fjölgað í þorpinu með því að útgerð smærri báta hefur tekið mikinn kipp og bátum fjölgað verulega.

(Heimildir: [www.flateyri.is](http://www.flateyri.is); ágrip af sögu Flateyrar, handrit e. Guðvarð Kjartansson)